

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um virðisaukaskatt á lyfjum.

1. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á lyfjum?*

Á árinu 2002 eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á lyfjum um 780 millj. kr.

2. *Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur á lyfjum, sem nú er 24,5%, yrði*

a. 14%,

b. 7%?

Ef virðisaukaskattur á lyfjum mundi lækka í:

a. 14% eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum um 440 millj. kr.

b. 7% eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum um 220 millj. kr.